

10. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá 24. febrúar 2016 kl. 18:15.

Mættir eru: Guðmundur Kr. Jónsson formaður, Hjalti Þorvarðarson, Jóhann Helgi Konráðsson, Sverrir Einarsson og Viktor S. Pálsson ásamt Gissuri Jónssyni framkvæmdastjóra.



1. Knattspyrnudeild Selfoss

Formaður og framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar Selfoss mættu á fund framkvæmdastjórnar. Farið var yfir markmið og framtíðarsýn nýrrar stjórnar deildarinnar. Rekstur deildar og unglíngaráðs var góður á seinasta ári.

2. Afmælisnefnd

Þórir Haraldsson verður formaður afmælisnefndar í tilefni af 80 ára afmæli Umf. Selfoss þann 1. júní 2016. Aðrir nefndarmenn eru Kristinn M. Bárðarson, Bárður Guðmundarson, Elínborg Gunnarsdóttir, Bogi Karlsson og Þóra Þórarinsdóttir. Nefndin hefur að auki heimild til að tilnefna einn nefndarmann.

3. Þjónustusamningur

Fyrir liggur nýtt tilboð og lítt breytt drög að þjónustusamningi. Framlag í rekstrarstyrk til félagsins er hækkað í samræmi við óskir félagsins.

4. Siðareglur

Framkvæmdastjóra falið að búa til drög að siðareglum til að leggja fyrir aðalstjórn Umf. Selfoss.

5. Vallarstjórn

Skerpa þarf á fjárhagsáætlun fyrir Selfossvöll til að mæta þeirri þjónustu sem boðið skal upp á í Tíbrá og á Selfossvelli. Vallarstjórn hittist þegar ársreikningur 2015 liggur endanlega fyrir.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 19:53.
Gissur Jónsson ritaði fundargerð.**